



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands
ÁRSSKÝRSLA 2018





Útgefandi: Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Umsjón: Árdís Sigurðardóttir og Birna Gunnarsdóttir

Prófarkalestur: Pétur Ástvaldsson

Útlit og umbrot: Helgi Hilmarsson

Ljósmyndarar: Alexandra Tyas, Árni Ásgeirsson, Björn Gíslason, Dagrún Ósk Jónsdóttir, Ellen Magnúsdóttir, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls, Jón Örn Guðbjartsson, Jón Jónsson, Jón Einar Jónsson, Kristinn Ingvarsson, Oddur Vilhelmsson, Ragnar Edvardsson, Tómas Grétar Gunnarsson, Unnur Birna Karlsdóttir, Þorvarður Árnason, Þórunn Einarsdóttir

Prentun: Háskólaprent



Efnisyfirlit

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands	4
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík	6
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi	8
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði	10
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi	12
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum	14
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi	16
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum	18
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofa	20
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra	22



Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Á átjándanum starfsári Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands bar hæst að Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi var sett á fót á ný sem sjálfstætt setur. Voru rannsóknasetur Háskóla Íslands því níu talsins og starfrækt á Hornafirði, Suðurlandi, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Ströndum, Norðurlandi vestra, Norðausturlandi og Austurlandi. Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur var ráðin forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Austurlandi en þar hafði undanfarin tvö ár verið rekin starfsstöð stofnunarinnar í kringum rannsóknaverkefnið „Maður og náttúra“. Sveitarfélagið Fljótsdalshérað leggur starfseminni til mikilvægt framlag og við uppbyggingu setursins hefur afar gott samstarf verið við heimamenn á sviði sveitarstjórnarmála, stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka. Við uppbyggingu þekkingarsamfélags um land allt gegna menntastofnanir og háskólar lykilhlutverki. Víða um land hafa byggst upp þekkingarklasar og eru rannsóknasetur Háskóla Íslands lykilaðilar að þeim. Með auknum stuðningi við þessa þróun, í samstarfi ríkis, háskóla, atvinnulífs og samfélags má festa þekkingarstarfsemi á landsbyggðinni enn betur í sessi.

Sem fyrr er markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands m.a. að stuðla að rannsóknum, menntun og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélög setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin af mörkum við að efla tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Viðfangsefni rannsóknasetranna eru afar fjölbreytt en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði, fornleifafræði og þjóðfræði. Starf rannsóknasetranna gekk vel á síðasta ári. Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – þjóðfræðistofa og Rannsóknasetur HÍ á Norðurlandi vestra fengu bæði úthlutað

styrk frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til fjarvinnslustöðva. Á Ströndum verður styrkurinn nýttur til söfnunar upplýsinga og skráningar menningararfs en á Norðurlandi vestra til að koma upp gagnagrunni sáttanefndabóka. Fleiri innlendir og erlendir styrkir fengust til rannsóknaverkefna og er alþjóðlegt samstarf rannsóknasetranna sífellt að aukast.

Þó hefur markmiði Stofnunar rannsóknasetra um að á hverju rannsóknasetri séu tveir fastir starfsmenn enn ekki verið náð. Fjármögnun gegnir veigamiklu hlutverki við eflingu rannsókna og nýsköpunar hjá rannsóknasetrum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Sértekjur, eins og í formi rannsóknastyrkja, hafa lengi verið verulegur hluti af heildartekjum stofnunarinnar og var það einnig svo 2018. Þá hafa aukin framlög sveitarfélaga til starfsemi einstakra rannsóknasetra skipt miklu máli. Stuðningur sem þessi er starfsemi rannsóknasetranna afar mikilvægur. Áhersla hefur verið á uppbyggingu rannsóknastöðva og annarra innviða rannsóknasetranna á undanförunum árum og því er styrk fjármögnun setranna grundvallaratriði. Vöxtur hefur verið í starfseminni á síðastliðnum misserum en mikilvægt er að treysta enn rekstur rannsóknasetranna til að gera þeim kleift að ná að fjölga fastráðnu fólki setranna, efla innviði og þar með styrkja enn frekar starfsemi þeirra.

Akademískir starfsmenn setranna sinna flestir kennslu, fyrst og fremst með leiðbeiningu framhaldsnema. Þá eru haldin sérhæfð vettvangsnámskeið á meistarastigi við meirihluta rannsóknasetranna. Samningaviðræður við deildir um nánara samstarf rannsóknasetranna og deildanna héldu áfram og er stefnt að því að ljúka þeim á næsta ári.

Þrjátíu og fjórir starfsmenn voru hjá Stofnun rannsóknasetra HÍ árið 2018, 16 starfandi allt árið og þar af 13 í fullu starfi. Alls voru



ársverk hjá Stofnun rannsóknasetra 21,5 sem er örlítil fjölgun frá 2017. Að venju nýtti fjöldi meistara- og doktorsnema sér aðstöðu á setrunum. Þá fengu erlendir fræðimenn aðstöðu við sum setrana til skemmri og lengri tíma.

Af starfsmannamálum má helst nefna að á árinu var Vilhelmsson sagnfræðingur ráðinn forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra og tók hann til starfa í febrúar. Þá var Jón Jónsson fastráðinn sem verkefnastjóri við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofu. Áður hefur verið nefnt að Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur var ráðin forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Austurlandi þegar setrið var aftur sett formlega á fót. Árni Einarsson líffræðingur við Rannsóknasetur HÍ á Snæfellsnesi hvarf til annarra starfa á árinu og var Ute Stenkewitz líffræðingur ráðin til setursins.



Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands árið 2018 var Sæunn Stefánsdóttir. Anna Dóra Sæþórsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfísástandadeild HÍ, var formaður ráðgefandi nefndar Stofnunar rannsóknasetra HÍ en auk hennar skipa nefndina Jörundur Svavarsson, prófessor við Líf- og umhverfísástandadeild HÍ, Guðrún Á. Jónsdóttir, fulltrúi háskólanáms og rannsókna við Austurbrú, Sigurður Sigurðsson, framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands og Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Vestfjörðum. Tómas G. Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi tók sæti Guðbjargar Ástu á haustmánuðum. Birna Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri hjá Vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands, annaðist stjórnsýslustörf og fjármálaumsjón fyrir stofnunina. Fundaði ráðgefandi nefndin sjö sinnum á árinu.

Ársfundur var haldinn í Félagsheimili Bolungarvíkur 11. apríl 2018 að viðstöddum um 60 manns. Veður hafði áhrif á flugsamgöngur og fór svo að Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, og Lilja D. Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra fluttu erindi sín í gegnum fjarfundarbúnað. Nánar má lesa um ársfundinn á heimasíðu Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, rannsóknasetur.hi.is. Þar eru einnig slóðir á vefsíður hvers rannsóknaseturs.

Á árinu tóku fimm rannsóknasetur þátt í Vísindavöku Rannís. Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa og Rannsóknasetur HÍ á Norðurlandi vestra héldu Vísindakaffi á sínum starfssvæðum en Rannsóknasetur HÍ á Austurlandi, Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum og Rannsóknasetur HÍ á Snæfellsnesi tóku þátt í Vísindavöku með bása í Laugardalshöll. Þó nokkur umfjöllun var um setrin og rannsóknaverkefni þeirra í fjölmiðlum og má t.d. nefna umfjöllun Kveiks á RÚV um áhrif plasts og áhrif þess á umhverfið.

Starfsemi rannsóknasetrana hefur eflst á undanförunum árum og sannað gildi sitt við eflingu rannsókna, háskóla- og atvinnustarfsemi víða um land og aukið tengsl skólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Rannsóknasetur Háskóla Íslands eru mikilvægur hlekkur í þeirri keðju þekkingar- og verðmætasköpunar sem Háskóli Íslands vill stuðla að, ekki síst nú á tímum mikilla breytinga í byggða- og atvinnumálum.

*Sæunn Stefánsdóttir
Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands
Mars 2019*





Rannsóknasetur HÍ á Húsavík


Við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík eru aðallega stundaðar rannsóknir á sjávarspendýrum og fuglum auk rannsókna í ferðaþjónustu. Setrið var stofnað haustið 2007 og forstöðumaður þess er dr. Marianne Helene Rasmussen, líffræðingur og sérfræðingur í sjávarspendýrum. Auk hennar voru tveir starfsmenn í hlutastörfum við setrið allt árið. Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir verkefnisstjóri vann að rannsóknum í ferðaþjónustu og Charla Basran doktorsnemi vann að verkefni sínu um flækingar sjávarspendýra í veiðarfærum við Ísland. Þar að auki störfuðu við setrið Tatiana Marchon doktorsnemi sem vann að verkefni sínu um háhyrninga, Elke Wald sem stundaði rannsóknir á lúpínu og dr. Adam Smith sem hlaut Fulbright-styrk til að stunda rannsóknir á hljóðmynd í vatni og lofti, sem og hljóðmælingar á lunda.

Rannsóknasetrið er þátttakandi í norræna öndvegissætursverkefninu ARCPATH – Arctic Climate Predictions: Pathways to Resilient,

Sustainable Societies. Árlegur samstarfsfundur þess var haldinn í september í Bergen. Doktorsneminn Olli Loisa kynnti þar verkefni sitt um dreifingu smáhvela í Skjálfanda og Eyjafirði og tengslum þeirra við þætti tengda loftslagsbreytingum. Greiningin byggir að stærstu leyti á hljóðupptökum. Áætlað er að ARCPATH-verkefninu ljúki í apríl 2020.

Setrið tók einnig þátt í rannsókn um áhrif nýrrar tækni við olíuleit á steypireyðar og hnúfubaka og samskipti þeirra. Verkefnið var unnið í samstarfi við Háskólann í Hannover. Sérstakir hljóðnemar voru festir á dýrin með sogskálum og hljóðbylgjur sendar frá magnara um borð í báti rannsakenda. Viðbrögð dýranna voru mæld í kjölfarið og áhrif hljóðsins metin. Verkefnið var fjármagnað af þýska umhverfisráðuneytinu.

Fleiri verkefni komu á borð setursins tengd heyrnarmælingum, en Rannsóknasetrið tók þátt í verkefni um heyrnarmælingar á lunda



og álku með notkun ABR-mælitækni (Auditory Evoked Potentials). Verkefnið var unnið í samstarfi við dr. Adam Smith og dr. Aran Mooney frá Woods Hole Oceanographic Institution í Massachusetts og dr. Ole Næsby Larsen og dr. Kirstin Anderson Hansen frá Syddansk Universitet í Óðinsvéum. Verkefnisstjórn var í höndum Marianne Rasmussen og Aran Mooney.

Meðal annarra verkefna má nefna hljóðmælingar á hnúfubökum í Eyjafirði í september sem voru í höndum dr. Marianne Rasmussen og doktorsnemans Daniels Wehner frá Norges Teknisk-Naturvitenskapelige Universitet (NTNU) í Brándheimi. Marianne Rasmussen stundaði einnig hljóðmælingar á háhyrningum og hnúfubökum í Skervöy í Norður-Noregi í nóvember ásamt doktorsnemanum Tatiönu Marchon. Verkefnið er samstarfsverkefni setursins og NTNU í Brándheimi og fjármagnað af Rannís.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir vann áfram að rannsókn sinni á ferðavenjum og útgjöldum erlendra ferðamanna á Íslandi. Verkefnið byggir á könnun meðal erlendra ferðamanna sem hefur verið framkvæmd á fjórtán áfangastöðum frá árinu 2013 og er unnin í samstarfi við Rannsóknamiðstöð ferðamála og Ferðamálastofu. Sumarið 2018 var könnunin framkvæmd á Húsavík, Egilsstöðum, Vík, Reykjanesbæ, Reykjavík, Stykkishólmi, Ísafirði og Hvammstanga. Helstu niðurstöður hafa verið birtar í mælaborði ferðaþjónustunnar og unnið er að útgáfu skýrslna. Verkefnið var fjármagnað af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Rannsóknasetrið starfar sem fyrr í nánu samstarfi við Hvalasafnið á Húsavík. Á árinu unnu stofnanirnar m.a. að greiningu ljósmynda sem nemendur, starfsmenn og sjálfbóðaliðar tóku í siglingum hvalaskoðunarbáta frá Húsavík.

Að venju var alþjóðlegt sumarnámskeið, *Studying Marine Mammals in the Wild*, haldið á Húsavík í samstarfi við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands í júní. Námskeiðið sóttu 15 nemendur frá 10 þjóðlöndum.

Marianne Rasmussen var meðleiðbeinandi þriggja doktorsnema og níu meistaranema á árinu. Alls unnu 28 erlendir nemar að verkefnum hjá setrinu árið 2018. Í flestum tilvikum var um að ræða verklegan hluta náms þeirra við erlenda háskóla. Nemarnir dvöldu á Húsavík nokkra mánuði í senn og höfðu aðstöðu í húsnæði á vegum setursins.

Rannsóknasetrið á Húsavík á gott samstarf við sveitarfélagið Norðurþing sem hefur reynst mikilvægur bakhjarl og m.a. aðstoðað við að útvega húsnæði fyrir erlenda háskólanema.

Greinar

- Bertulli, CG, Guéry, L, McGinty, N, Suzuki, A, Brannan, N, Marques, T, Rasmussen, MH, Olivier Gimenez, O (2018). Capture-recapture abundance and survival estimates of three cetacean species in Icelandic coastal waters using trained scientist-volunteers. *Journal of Sea Research* 131, 22-31
- Hansen RG, Boye TK, Larsen RS, Nielsen NH, Tervo O, Nielsen RD, Rasmussen MH, Sinding MHS and Heide-Jørgensen MP. Abundance of whales in West and East Greenland in summer 2015 (2018). NAMMCO Scientific Publication series.
- Samara, FIP, Bassoi, M, Béseau, J, Elíasdóttir, MO, Gunnarsson, K, Mruszczo, M-T, Rasmussen, M, Rempel, JN, Thorvaldsson, B and Víkingsson, GA (2018). Prey of killer whales (*Orcinus orca*) in Iceland. *PLOS One*. December, 1-20 (<https://doi.org/10.1371/journal.pone.0207287>)

Skýrslur

- Rögnvaldsdóttir, LR (2018). Erlendir gestir á Akureyri sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Rögnvaldsdóttir, LR (2018). Erlendir gestir á Húsavík sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

- Rögnvaldsdóttir, LR (2018). Erlendir gestir á Siglufirði sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Rögnvaldsdóttir, LR (2018). Erlendir gestir í Borgarnesi sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Rögnvaldsdóttir, LR (2018). Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Rögnvaldsdóttir, LR (2018). Erlendir gestir í Reykjavík sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Wald, EC (2018). Aðgerðaáætlun um lúpínu í landi Húsavíkur - Samstarfs- og tilraunaverkefni – Action Plan about the Alaska Lupine on Húsavík lands. 44 pages.

Kynningar/erindi

- Neumann, C, Wahlberg, M and Rasmussen, MH (2018). Categorizing different types of aerial leaps of white-beaked dolphins (*Lagenorhynchus albirostris*). ECS conference, La Spezia, Italy.
- Prendergast, E, Rasmussen, M, Kurr, M and Luisa, O (2018). Boat traffic negatively influences diel rhythmic behaviour in harbour porpoise (*Phocoena phocoena*) in Skjálfandi Bay, Iceland. ACS conference, California, USA
- Prendergast, E, Rasmussen, MH, Louisa, O and Kurr, M (2018). Vessel traffic negatively influences diel rhythmic behaviour in harbour porpoises (*Phocoena phocoena*) in Skjálfandi Bay, Iceland ECS conference, LaSpezia, Italy
- Rasmussen, MH (2018). Whale research in Skjálfandi Bay, Marine Protected Area Symposium, Whales of Iceland, Reykjavík, Iceland
- Rasmussen, MH (2018). Whale research in Skjálfandi Bay, Guest lecture at NOAA/Stellwagen Bank National Marine Sanctuary, Scituate, USA
- Rasmussen, MH (2018). Whale research in Northeast Iceland, Woods Hole Oceanographic Institution, Woods Hole, USA
- Rögnvaldsdóttir, LR (2018). Erlendir gestir á Siglufirði sumrin 2015 og 2017. Kynning á haustfundi ferðaþjónustunnar í Fjallabyggð, Ólafsfirði, 22. nóv. 2018
- Rögnvaldsdóttir, LR (2018). Erlendir gestir og einstök svæði. Erindi á Byggðaráðstefnunni 2018, Stykkishólmi, 17. okt. 2018
- Rögnvaldsdóttir, LR (2018). Eru ferðavenjur ólíkar eftir áfangastöðum? Hádegiskynning á vegum Ferðamálastofu í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Reykjavík, 14. des. 2018
- Schnitzler, J, Rasmussen, MH, Lucke, K, Akamatsu, A, Wahlberg, W, Baltzer, J, Stepien, EN, Villum, M, Ruser, A and Siebert, U (2018). Impact of vibroseismic underwater sound on the behaviour of baleen whales. ESOMM conference, Hague, the Netherlands
- Woelfing, B, Stilz, P, Gariolov, A, Fischer, M, Rasmussen, M, Schuster, M, Wittekind, D, Erbe, C and Siebert, U (2018). Modelling the effect of air gun array noise on marine mammal communication. ECS conference, LaSpezia, Italy
- Woelfing, B, Stilz, P, Gariolov, A, Fischer, M, Rasmussen, M, Schuster, M, Wittekind, D, Erbe, C and Siebert, U (2018). Modelling the effect of air gun array noise on marine mammal communication. ESOMM conference, Haque, The Netherlands.





Rannsóknasetur HÍ á Austurlandi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi tók formlega til starfa á ný 1. júní 2018 þegar dr. Unnur Birna Karlsdóttir umhverfissagnfræðingur tók við starfi forstöðumanns setursins. Aðsetur Rannsóknaseturs HÍ á Austurlandi er að Tjarnarbraut 39a á Egilsstöðum. Rannsóknasetur Háskóla Íslands var fyrst sett á fót 2008 en hlé var gert á reglulegri starfsemi 2010–2015 og fólst á tímabilinu einkum í stuðningi við einstök rannsóknaverkefni sem unnin voru á svæðinu. Frá árinu 2015 hafði verið starfsemi á vegum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands á Austurlandi með rannsóknaverkefninu

„Maður og náttúra“ þar sem hreindýrið og þýðing þess í íslenskrí náttúrusýn og menningu er til athugunar. Eitt helsta viðfangsefni forstöðumanns á árinu var að ljúka þeirri rannsókn og ritun sögu viðhorfa til hreindýra á Íslandi en afrakstri verkefnisins verða m.a. gerð skil í viðamikilli bók sem Sögufélag gefur út árið 2019.

Ýmis önnur hliðarverkefni voru framkvæmd, s.s. greinaskrif í íslensk fræðirit og aðstoð við ýmsa sem leituðu upplýsinga hjá setrinu vegna eigin rannsókna eða leiðsagnar um umhverfi og náttúru Austurlands. Einnig var hrundið í framkvæmd verkefni í samstarfi



við sveitarfélagið Fljótsdalshérað varðandi ný lög um „verndarsvæði í byggð“.

Auk rannsóknastarfs, bókar- og greinaskrifa var stærsta verkefni Rannsóknasetursins á árinu ráðstefna sem haldin var dagana 24.-25. maí 2018 á Hótel Héraði á Egilsstöðum. Ráðstefnan bar yfirskriftina „Með öræfin í bakgarðinum. Um tengsl samfélags og hálandis á Austurlandi“. Dagskrá ráðstefunnar náði yfir vítt svið og voru fyrirlesarar vísindamenn á sviði náttúru-, hug- og félagsvísinda sem starfa bæði innan Háskóla Íslands og utan hans. Auk þeirra kom áhugafólk um sögu, menningu og náttúru Austurlands að ráðstefnunni bæði með erindum og öðrum hætti. Meðal þess sem fjallað var um dýralíf, byggðasaga, jarðfræði og gróðurfar. Ráðstefnan var mjög vel sótt og tókst vel í alla staði. Samstarfsaðilar voru Sögu- og Menningarfræðingafélag Austurlands, Náttúrustofa Austurlands, Minjasafn Austurlands, Vatnajökulsþjóðgarður – Snæfellsstofa, og Óbyggðasetur Íslands. Í tengslum við ráðstefnuna var farið í vettvangsferð í Fljótsdal með fræðslu um sögu og náttúru svæðisins.

Rannsóknasetrið tók þátt í Vísindavöku Rannís í Laugardalshöllinni 28. september með kynningu á starfsemi setursins og rannsóknnum sem þar eru stundaðar. Bás setursins var vel sóttur og vakti kynningin talsverða athygli.

Ritaskrá

Unnur Birna Karlsdóttir, „Fasismi fortíðar og blikur við sjónarrönd.“

Um fasisma á Íslandi forðum og álitamál samtímans á tímum nýfasískra hreyfinga“, *Tímarit Máls og menningar* 79:4 (Reykjavík, 2018), bls. 106-117.

Unnur Birna Karlsdóttir, „Hálandisheimur opnast. Um náttúrusýn í frásögnum öræfafaara á 18. og 19. öld“ *Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags* 192:2 (Reykjavík, 2018), bls. 302-338.

Fyrirlestrar

Unnur Birna Karlsdóttir, „Afkyrnjanir og vananir“ - Lög um ófrjósemisaðgerðir; í hugmynd og framkvæmd árin 1938-1975.“ Fyrirlestur haldinn í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu 6. okt. 2018 á vegum Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar.

Unnur Birna Karlsdóttir, „Teaching culture in times of multicultural tourism in Iceland and the question; how to avoid common generalizations and cliches without killing all the fun.“ Fyrirlestur haldinn á málþinginu „Communicating Cultures and Languages: Chinese-Icelandic Perspectives and Experiences“ sem haldið var 4. júní 2018 í Beijing Foreign Studies University á vegum þess háskóla í samstarfi við Háskóla Íslands.

Unnur Birna Karlsdóttir, „Hreppsveiðar og sportveiðar á hreindýrum 1954-1972.“ Fyrirlestur haldinn 24. maí 2018 á ráðstefnu undir yfirskriftinni „Með öræfin í bakgarðinum“ sem haldin var á Hótel Héraði á Egilsstöðum á vegum Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Austurlandi.





Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði

Fastráðnir starfsmenn voru dr. Þorvarður Árnason, forstöðumaður, og dr. Soffía Auður Birgisdóttir, fræðimaður. Verkefnaráðnir starfsmenn voru tveir: Arndís Lára Kolbrúnardóttir (100%) viðskiptafræðingur og David Ostman (20%), umhverfis- og auðlindafræðingur. Þá hafði dr. Jeralynn M. Jackson, Fulbright-styrkþegi, rannsóknaraðstöðu hjá setrinu.

Meginrannsóknasvið setursins voru sem fyrr bókmenntir og menningar-, umhverfis- og ferðamál. Helstu verkefni ársins voru *Slow Adventure in Northern Territories* (SAINT) – fjölþjóðlegt verkefni um þróun yndisævintýraferða, styrkt af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPA); *Adventure Tourism in Vocational Education and Training* (ADVENT) – þriggja ára fjölþjóðlegt verkefni styrkt af Erasmus+; *Building Shared Knowledge capital to support natural resource governance in the Northern periphery* (BuSK) – fjölþjóðlegt verkefni, styrkt af NPA, um þróun aðferða til að efla aðkomu almennings að ákvarðanatöku í umhverfis- og auðlindamálum; *Félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu* – verkefni unnið fyrir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga; *Fjölskyldubríf og saga systra* – kynjafræði- og ævisöguleg rannsókn, og *Rannsóknir á íslenskum nútímabókmenntum*. Enn fremur vann Þorvarður áfram að þróun sjónrænna aðferða við rannsóknir og miðlun á áhrifum hnattrænna loftslagsbreytinga, í samstarfi við Dundee-háskóla, og að þróun vefjarins *Bifrost Online* (<https://bifrostonline.org/>).

Rannsóknasetrið hóf um haustið vinnu við nýtt rannsóknaverkefni um náttúruleg og skynræn einkenni óbyggðra víðerna fyrir Rammaáætlun, auk þess að gerast aðalráðgjafi Vatnajökulsþjóðgarðs við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Breiðamerkursand. Setrið hóf einnig rannsóknir vegna samstarfsverkefnisins *Stöðugreining samfélagslegra áhrifa friðlýstra svæða á nærsvæði* sem unnið er að tilhlutan umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Í mars 2018 stóð rannsóknasetrið ásamt samstarfsaðilum í SAINT- og ADVENT-verkefnunum fyrir fjölþjóðlegri ráðstefnu undir yfirskriftinni „Adventure Tourism - Innovation and Education“. Einnig tók setrið þátt í skipulagningu tveggja málþinga á vegum Vísindafélags Íslendinga.

Þorvarður var skipaður fulltrúi í faghópi 1 í Rammaáætlun og sat í stjórn Nýheima Þekkingarseturs, skólanevnd Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og fagráði Atvinnu og nýsköpunar hjá Uppbyggingarsjóði Austurlands. Soffía Auður sat í dómnefnd vegna

Gjafar Jóns Sigurðssonar og í dómnefnd Menningarverðlauna DV fyrir fræðirit. Hún var fræðilegur ritstjóri bókarinnar *Íslenska í grunn-skólum og framhaldsskólum* sem kom út hjá Háskólaútgáfunni. Soffía Auður situr í ritstjórn vefjarins www.skald.is sem hefur það markmið að verða stærsti gagnabanki um kvennabókmenntir á netinu. Vefurinn hýsir skáldatal og birtar eru þar greinar og ritdómar. Efni vefjarins er að mestu leyti unnið af ritstjórn en einnig er safnað saman eldra efni. Níu nýjar greinar og ritdómar eftir Soffíu Auði voru birtar á skald.is á árinu.

Þorvarður hlaut Menningarverðlaun Hornafjarðar árið 2018 fyrir ljósmyndir sínar frá Hornafirði og Soffía Auður var tilnefnd til sömu verðlauna fyrir þýðingu sína á Orlandó eftir Virginíu Woolf. Ljósmyndasýningin *Jöklar í visindum, listum og myndum* með verkum eftir Þorvarð og Snævarr Guðmundsson jöklafræðing var sett upp í Háskóla Íslands í febrúar. Þorvarður lagði einnig til myndefni í þáttaröðina *Fjársjóður framtíðar* sem framleidd var af Háskóla Íslands, heimildakvikmynd um Hoffellsjökul og náttúrusýninguna í Perlunni. Samstarf við listamenn er vaxandi þáttur í starfi rannsóknasetursins og var setrið í samstarfi við Elísabetu Jökulsdóttur, Gunnlaug Þór Pálsson, Halldór Ásgeirsson, Jón Egil Bergþórsson og Þórunnu D. Björnsdóttur á árinu.

Þorvarður leiðbeindi tveimur doktorsnemum og fjórum meistaranemum, en Soffía Auður einum meistaranema. Soffía Auður var enn fremur prófdómari þriggja meistaritgerða og fjögurra BA-ritgerða, en Þorvarður prófdómari einnar meistaritgerðar. Þorvarður hafði umsjón með vettvangsnámskeiði um stjórnun friðlýstra svæða og var stundakennari í tveimur öðrum námskeiðum. Soffía Auður var gestakennari í þremur námskeiðum. Þá ritaði hún samantekt um bókmenntaárið 2018 fyrir Vísindavef Háskóla Íslands.

Útgáfa

- Johannes T. Welling, Rannveig Ólafsdóttir og Þorvarður Árnason (2018). Participatory scenario planning under scenarios of climate change and tourism growth in Vatnajökull region (southeast Iceland). Akureyri, Rannsóknamiðstöð ferðamála. 53 bls.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2018). Undrun, ótti og æði: Náttúruskynjun Þórbergs Þórðarsonar. Frændafundur 9. Ritstjórn Höskuldur Þráinsson og Hans Andrias Sølvará.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2018). Hvað gerir maður ekki fyrir þessar mæður? Ritdómur um skáldsöguna Móðurlífið: blönduð tækni

eftir Yrsu Þöll Gylfadóttur. Tímarit Máls og menningar, 2. hefti 2018, bls. 130-135.

Þorvarður Árnason (2018). Landslag – þar sem náttúra og maður mætast. Frændafundur 9. Ritstjórar Höskuldur Þráinsson og Hans Andrias Sølvará.

Þorvarður Árnason og Johannes Welling (2018). «Melting away? Natural ice cave tourism in changing climates». Book of Abstracts 'Climates of Change: Rethinking the Outdoor Experience', 6th International Adventure Conference, Segovia, Spánn, 31.01.-03.02. 2018, bls. 61-62.

Nemendaritgerðir

Ragnheiður Erla Björnsdóttir. „Sólberg: ævikvöld“. Meistararitgerð í ritlist, maí 2018.

Fyrirlestrar

Johannes T. Welling, Þorvarður Árnason og Rannveig Ólafsdóttir (2018). "Participatory planning under scenarios of climate change and tourism growth in Southeast Iceland." Erindi flutt á vinnufundi BuSK-verkefnisins, Þórshöfn, Færeyjum, 29.-31. mars 2018.

Soffía Auður Birgisdóttir (2018). The life of Gudrun Sveinbjarnardóttir: Male or female? Fyrirlestur haldinn á alþjóðlegri ráðstefnu um kvennasögu: International Federation for Research in Women's History (IFRWH) Conference, 9. ágúst águst 2018, Simon Fraser University, Vancouver, Canada.

Soffía Auður Birgisdóttir (2018). Tilfinningar eru eldsneyti fyrir hugmyndir. Fyrirlestur fluttur á málþingi um verk Elísabetar Jökuldóttur í Gunnarshúsi 22. apríl 2018

Soffía Auður Birgisdóttir (2018). Karlremba hrunsins: Um kynjamyndir í nokkrum íslenskum skáldsögum eftir hrun. Fyrirlestur á ráðstefnunni Hrunið, þið munið, Háskóla Íslands, 6. október 2018.

Soffía Auður Birgisdóttir (2018). Woolf og Walden. Fyrirlestur á Hugvísindabíngi H.Í. 10. mars 2018.

Soffía Auður Birgisdóttir (2018). Virginu Woolf og höfundarverk hennar. Hannesarholt 22. mars 2018.

Þorvarður Árnason (2018). «Græn stjórnmál, gráa höndin og landslag umhverfismála á Íslandi». Erindi flutt á Pálsvöku 2018 - Hvert er erindi umhverfisheimspekinnar við Íslendinga?, Reykjavík, Hannesarholt, 21. apríl 2018.

Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir (2018). «Samfélagsleg áhrif ferðabjónustu á Suðurlandi». Erindi flutt á Skiptir ferðabjónusta máli fyrir samfélagið?, ársfundi Markaðsstofu Suðurlands, Hótel Laka, Skaftárhreppi, 13. apríl 2018.

Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir (2018). «Félagsleg þölmörk íbúa Suðurlands gagnvart ferðamönnum og ferðabjónustu». Erindi flutt á fundi með stjórn Íslandsstofu og formanni og framkvæmdastjóra Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Gamlabúð, Höfn, 9. maí 2018.

Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir (2018). «Félagsleg þölmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðabjónustu: Fyrstu niðurstöður áhersluverkefnis SASS». Erindi flutt á starfsgreinafundum starfsmanna Vegagerðarinnar, Hótel Vatnajökli, 13. september 2018.


Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir (2018). «Ferðabjónusta á Hornafirði: Umfang og samfélagsleg áhrif». Erindi flutt í tvígang á félagsfundum Ríkis Vatnajökuls ehf, ferðabjónustu-, matvæla- og menningarklasa Suðausturlands, Höfn og Flatey á Mýrum, 21. nóvember 2018.

Þorvarður Árnason og David Ostman (2018). «Wilderness Mapping in Iceland: New Approaches to an Old Problem». Erindi flutt á



Wilderness Protection: An International & Icelandic Perspective, þingi European Law Students Association. Reykjavík, Oddi, 9. febrúar 2018.

Þorvarður Árnason og Johannes Welling (2018). «Melting away? Natural ice cave tourism in changing climates». Erindi flutt á 'Climates of Change: Rethinking the Outdoor Experience', 6th International Adventure Conference, Segovia, Spánn, 31.01.-03.02. 2018.





Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi

Árið 2018 var fyrsta heila starfsár rannsóknasetursins á nýrri starfsstöð á Laugarvatni en þangað flutti setrið haustið 2017. Laugarvatn er einkar vel í sveit sett fyrir rannsóknir á aðalsviði setursins og þar er löng hefð fyrir skólasterfi. Tveir fastráðnir starfsmenn eru hjá rannsóknasetrinu, Böðvar Þórisson verkefnastjóri og Tómas Gréтар Gunnarsson forstöðumaður en þrír nýdóktar, tveir doktorsnemar og tveir meistaranemar störfuðu við setrið á árinu auk gestafræðimanna.

Við rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi eru stundaðar margvíslegar rannsóknir á landnotkun og vistkerfum. Meginstef í rannsóknunum er uppbygging þekkingar sem nýtist til að spá fyrir um áhrif mismunandi gerða landnotkunar á líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi. Slík þekking verður æ mikilvægari eftir því sem möguleikar á nýtingu lands verða fjölbreyttari og þrýstingur á notkun lands eykst. Mikill skortur er á upplýsingum um tengsl landnotkunar og náttúrufars á Íslandi en þær gagnast til að stuðla að sjálfbærum lífsháttum og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar á sviði auðlindanýtingar og náttúruverndar. Við setrið eru einnig stundaðar rannsóknir á stofnstjórnun farfugla en Ísland er afar heppilegur vettvangur til slíkra rannsókna og rannsóknir á fuglum eru nátengdar rannsóknum á áhrifum landnotkunar.

Auk þess að skipuleggja og stjórna tímabundnum verkefnum, einkum nýdókta og framhaldsnema, eru einnig rekin langtíma-verkefni við setrið. Uppbygging langtímarannsókna á landvistkerfum hefur staðið yfir frá 2011 en markmið þeirra er að geta í framtíðinni skýrt betur drifkrafta landbreytinga og áhrif þeirra á landvistkerfi og lífsgæði. Ýmis önnur smærri rannsóknaverkefni standa yfir bæði á vegum starfsmanna setursins og framhaldsnema, oft í samstarfi við aðra. Böðvar Þórisson hefur umsjón með langtíma-verkefnum, skipuleggur útvinnu og viðheldur gagnagrunnum og tekur auk þess þátt í flestum öðrum verkefnum setursins.

Aldís Erna Pálsdóttir doktorsnemi lauk öðru ári í doktorsnámi sínu. Verkefni hennar felst í að kanna áhrif mannvirkja og skógarjaðra á fuglastofna á láglendi en þessar gerðir landnotkunar færast mjög í aukana og hafa mögulega veruleg áhrif á að Íslendingar geti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar á sviði náttúruverndar. Camilo Carneiro, doktorsnemi frá Háskólanum í Aveiro í Portúgal, hefur stundað rannsóknir á lýðfræði spóa við setrið síðustu ár en er að leggja lokahönd á doktorsritgerð og stefnir að útskrift á árinu 2019.

Tveir meistaranemar útskrifuðust á árinu 2018. Sigurður Björn Alfreðsson kannaði tengsl beitarmynsturs, runnagróðurs og mófuglastofna. Niðurstöður hans sýna að samfara hlýnun og minnkandi sauðfjárbætur hefur runnagróður aukist mikið á láglendi Suðurlands á síðustu árum. Aukinn runnagróður lækkar þéttleika algengra mófugla, s.s. lóu og spóa, sem Íslendingar bera sérstaka ábyrgð á samkvæmt alþjóðlegum samningum. Niðurstöðurnar sýna að möguleikar Íslendinga á að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar eru nátengdir landnotkun. Elísa Skúladóttir lauk verkefni sem fjallaði um landnotkun heiðlóu á varptíma á Suðurlandi og Suðurnesjum. Heiðlóur reiða sig mikið á landbúnaðarland á fartíma en nokkur munur er á landnotkun að vori og hausti. Einnig er munur á notkun

landbúnaðarlands eftir landshlutum sem líklega tengist því hvort fuglar hafa aðgengi að fjörum.

José Alves nýdoktor hefur starfað við setrið í allmörgu ár en hann á aðild að mjög fjölbreyttum rannsóknum á Íslandi og erlendis og að leiðbeiningu framhaldsnema. Veronica Mendez nýdoktor stundar rannsóknir á stjórnun farfugs og notfærir sér einstaka eiginleika íslenska tjaldastofnsins við rannsóknirnar. Lilja Jóhannesdóttir, sem lauk doktorsnámi við setrið 2017, gegndi tímabundinni stöðu við setrið fyrri hluta árs. Hún vann að gerð leiðbeininga fyrir bændur um hvernig hægt er að rækta land í sem bestri sátt við náttúrufar.

Samstarf við innlendar og erlendar stofnanir og vísindamenn gegnir afar mikilvægu hlutverki við vinnu og uppbyggingu setursins. Á síðustu árum hefur setrið m.a. átt í mikilvægu samstarfi við Háskólafélag Suðurlands, Landgræðslu ríkisins, Landbúnaðarháskóla Íslands, Rannsóknasetur Háskóla Íslands í Stykkishólmi, háskólana í East Anglia og Cambridge í Bretlandi, háskólann í Aveiro í Portúgal og fleiri stofnanir. Fjölbreytt samstarf er mikilvægt og eykur bæði umsvif og skilvirkni þeirrar vinnu sem unnin er við setrið.

Forstöðumaður hélt fjölmarga fyrirlestra fyrir almenning og leiddi fuglaskoðunarferðir á árinu. Þar má nefna fyrirlestra fyrir þrjá Lionsklúbba í uppsveitum Árnessýslu, fyrirlestur fyrir eldri borgara í Laugardal, tíu fuglaskoðunarferðir með nemendum í grunnskóla og menntaskóla auk þess að skipuleggja og halda Spóadag í Kötlu Geopark í samstarfi við Fuglavernd. Einnig leiddi hann fuglaskoðun í Grafarvog á vegum Háskóla Íslands undir viðburðaröðinni *Með fróðleik í fararnesti*. Þá situr forstöðumaður í stjórnnum Kirkjubæjarstofu og Vistfræðifélags Íslands, í faghópi 1 í 4. áfanga Rammaaætlnar, í fagræði Votlendissjóðsins og í ritstjórnnum tveggja fagfimarita.

Rannsóknasetrið og grunnskóli Bláskógabyggðar á Laugarvatni efndu til samstarfs sem gengur út á að meta áhrif loftslagsbreytinga á fuglastofna. Verkefnið felst í því að nemendur á elsta stigi og starfsmenn setursins telja fugla við Laugarvatn á reglubundinn hátt. Með slíkum talningum má nema breytingar á stofnstærðum og fartíma ef verkefnið heldur áfram til lengri tíma.

Greinar í vísindaritum

- Jóhannesdóttir L., Alves J.A., Gill J.A., Gunnarsson T.G. 2018. Use of agricultural land by breeding waders in low-intensity farming landscapes. *Animal Conservation* 21: 291-301.
- Carneiro, C., Gunnarsson, T.G., & Alves, J.A. 2018. Faster migration in autumn than in spring: seasonal migration patterns and non-breeding distribution of Icelandic Whimbrels *Numenius phaeopus islandicus*. *Journal of Avian Biology*. DOI: 10.1111/jav.01938
- Þórisson, B., Méndez, V., Alves, J.A., Gill, J.A., Skarphéðinsson, K.H., Auhage, S., Vignisson, S.R., Benediktsson, G.O., Brynjólfsson, B., Gallo, C., Sturlaugsdóttir, H., Leifsson, P. & Gunnarsson, T.G (2018) "Population size of Oystercatchers *Haematopus ostralegus* wintering in Iceland". *Bird Study*, 65:2, 274-278, doi.org/10.1080/00063657.2018.1478797
- Linnebjerg, J.F., Frederiksen, M., Kolbeinsson, Y., Snaethórsson, A.Ö., Thórisson, B. & Thórarinnsson, T.L. 2018. Non-breeding areas of three sympatric auk species breeding in three Icelandic colonies. *Polar Biology*. 1-11.



- Thies, L., Tomkovich, P., Remedios, N.d., Lislevand, T., Pinchuk, P., Wallander, J., Dänhardt, J., Þórisson, B., Blomqvist, D. & Küpper, C. (2018). Population and Subspecies Differentiation in a High Latitude Breeding Wader, the Common Ringed Plover *Charadrius hiaticula*. *Ardea*, 106 (2). 163-176.
- Mendez V., Gill J.A., Alves J.A., Burton N.H.K., Davies R.G. (2018) Consequences of population change for local abundance and site occupancy of wintering waterbirds. *Diversity and Distributions*, 24: 24-35.
- Méndez, V., Alves, J.A., Gill, J.G., & Gunnarsson, T.G. (2018). "Patterns and processes in survival of shorebirds (Charadrii): a global review". *Ibis*. doi:10.1111/ibi.12586
- Correia R.A., Jaric I., Jepson P., Malhado A.C.M., Alves J.A., Ladle R.J. (2018) Nomenclature instability in species culturomic assessments: Why synonyms matter. *ECOLOGICAL INDICATORS*, 90, 74-78.
- Pardal S., Alves J.A., Mota P.G., Ramos J.A. (2018) Dressed to impress: breeding plumage as a reliable signal of innate immunity. *JOURNAL OF AVIAN BIOLOGY*, 49, (7).

Fyrirlestrar á ráðstefnum

- Tómas G. Gunnarsson, José Alves, James Gilroy, William Sutherland, Peter Potts, Jennifer Gill. Range-wide juvenile settlement in a migratory bird. International Ornithological Congress, Vancouver 2018. Symposium fyrirlestur.
- Jose A. Alves, Tómas Grétar Gunnarsson, William J. Sutherland, Peter M. Potts & Jennifer A. Gill. How rising temperatures lead to population expansion in a sub-arctic breeding shorebird. International Ornithological Congress, Vancouver 2018. Symposium fyrirlestur.
- Zoological Society of London Symposium presentations, London 2018. Title: Space, time and seasonal interactions in migratory species. Authors: Jennifer Gill, José Alves & Tómas Gunnarsson.
- Carneiro C, Gunnarsson T G, Alves J A (2018) The cost of being late: can Icelandic Whimbrels compensate for temporal delays?. International Ornithological Congress, August 2018, Vancouver.
- Carneiro C, Gunnarsson T G, Alves J A (2018) Delays and compensations across the annual cycle: do Icelandic Whimbrels incur carry-over effects?. International Wader Study Group Conference, September 2018, Workum, Netherlands.






- Carneiro C, Gunnarsson T G, Alves J A (2018) Does quality of wintering areas affect breeding phenology and investment of Icelandic Whimbrels?. BOU Twitter Conference, November 2018.
- Méndez, V., Alves, J.A., Þórisson, B., Gunnarsson T.G. & Gill J.A. "Phenological variation among individuals with different migratory strategies in a partial migrant population". 27th International Ornithological Congress, Vancouver, Canada, August 2018.
- Aldís Erna Pálsdóttir, José A. Alves, Snæbjörn Pálsson, Jennifer A. Gill and Tómas Grétar Gunnarsson Árleg ráðstefna Vistfræðifélags Íslands. Impacts of forestry on Icelandic wildlife - Do birds avoid forests?

Veggspjöld á ráðstefnum

- Aldís Erna Pálsdóttir, José A. Alves, Snæbjörn Pálsson, Jennifer A. Gill and Tómas Grétar Gunnarsson Impacts of forestry on Icelandic wildlife: do birds avoid forests? International Wader Study Group annual conference. Hollandi. Spjaldið fékk verðlaun í samkeppni um bestu veggspjöld.
- Carneiro C, Gunnarsson T G, Alves J A (2018) Timing the annual cycle of a sub-arctic migrant: phenological flexibility and potential effects on breeding performance. Nordic Oikos conference, February 2018, Trondheim, Norway.
- Carneiro C, Gunnarsson T G, Alves J A (2018) Wintering energetic balance and migration costs for Icelandic Whimbrels. BOU2018 "21st Century Ornithology: challenges, opportunities and decisions", March 2018, Nottingham, England.
- Böðvar Þórisson, José A. Alves, Catriona Morrison, Vigfús Eyjólfsson, Arnthor Gardarsson og Tómas G. Gunnarsson. 2018. The importance of early arrival for migratory birds when breeding success is highly variable. International Ornithological Congress, Vancouver, Canada.

Prófrítgerðir

- Elísa Skúladóttir, 2018, Bús væðaval heiðlóu (*Pluvialis apricaria*) á fartíma, meistaritgerð, Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands, 44 bls.
- Sigurður Björn Alfreðsson, 2018, The effects of shrub encroachment on avian communities in lowland Iceland, Master's thesis, Faculty of Life and Environmental studies, University of Iceland, pp. 56.





Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum var formlega stofnað árið 2004 undir heitinu Háskólasetur Suðurnesja. Setrið er í Sandgerði og deilir húsnæði að Garðvegi 1 með Náttúrustofu Suðvesturlands og Þekkingarsetri Suðurnesja sem setrið hefur lengi átt náð samstarf við. Rannsóknir setursins tengjast einkum lífríki sjávar, með megináherslu á vistfræði og áhrif mengandi efna á sjávarlífverur. Forstöðumaður er dr. Halldór Pálmar Halldórsson sjávarlíffræðingur en ásamt honum var Hermann Dreki Guls í fullu starfi á árinu samhliða meistaranámi. Ashvini Victor, meistaranemi frá Þýskalandi, dvaldi á setrinu í þrjú mánuði á árinu og vann að verkefnum tengdum eiturefnavistfræði. Setrið hefur umsjón með og sér um rekstur á Sæmundi fráða RE 32, 8 tonna bát í eigu Háskóla Íslands, en hann nýttist afar vel við kennslu og ýmis rannsóknaverkefni á árinu.

Helstu verkefni ársins voru áframhaldandi rannsóknir á kröbbum og kræklingi þar sem lögð er áhersla á vöktun, eiturefnavistfræði og líffræðilega mælikvarða í dýrunum í tengslum við mengun. Þessir mælikvarðar eru liður í áframhaldandi þróun mengunarmiðstöðvar setursins þar sem áherslan er á eiturefnavistfræði á víðum grunni og var unnið að mörgum og fjölbreytilegum verkefnum á árinu sem flest sneru að mengun hafsis. Setrið sá um kræklingasöfnun á landsvísu vegna AMSUM-mengunarvöktunar á lífríki hafsis við Ísland; nákuðungavöktun og rannsóknir á falskyni (imposex) hjá sniglum af völdum lífrænna tinsambanda úr botnmálningu; mengunarvöktun við álverið í Straumsvík (kræklingavöktun, sjó- og setsýnatökur) í samstarfi með Nýsköpunarmiðstöð; rannsóknir á örplasti í kræklingi við Ísland fyrir Umhverfisstofnun og loks mælingar á ensímavirkni í hornsílum úr Reykjavíkurtjörn í tengslum við mengun tjarnarinnar. Af öðrum verkefnum má nefna útsetningu og endurheimt hlutunardufla fyrir Hafrannsóknastofnun vegna rannsókna á laxi við Elliðaárósa.

Alþjóðlegt samstarf var viðamikið á árinu. Starfsmenn setursins tóku þátt í fundi vinnuhóps innan ICES (Alþjóðahafrannsóknaráðs-

ins) um áhrif mengandi efna á lífverur sem haldinn var á Korsíku dagana 16.-20. apríl. Flokkunarfræðingur frá Spáni dvaldi á setrinu í fimm vikur vegna rannsókna á landnámi nýrra tegunda við Ísland en þær eru unnar í samstarfi með Náttúrustofu Suðvesturlands. Setrið er aðili að SureAqua-verkefninu sem leitt er af IRIS (International Research Institute of Stavanger) í Stafangri. Doktorsverkefni Daniels Coaten, er snýr að rannsóknum og nýtingu á þara og fer fram á setrinu, er fjármagnað að hluta í gegnum SureAqua. Hermann Dreki tók þátt í QUASIMEME-fundi í Hollandi vegna rannsókna setursins á örplasti og Halldór fór til Bilbao á Spáni vegna samstarfs setursins við Háskólann í Baskalandi um áhrif olíumengunar á lífríki sjávar í Norður-Atlantshafi.

Kynningarstarf setursins fólst meðal annars í þátttöku á Vísindavöku Rannís í Laugardalshöll og starfsgreinakynningu á Suðurnesjum fyrir efstu bekki grunnskólanna. Rannsóknir setursins á örplasti í kræklingi vöktu talsverða athygli og var fjallað um þær í sjónvarpsþættinum Kveik á RÚV og víðar. Þá voru fréttir um rannsóknir setursins á grjótkrabba meðal annars birtar í Fiskifrættum og Fréttablaðinu.

Starfsmenn setursins kenndu í þremur námskeiðum í líffræði við HÍ og forstöðumaður var jafnframt leiðbeinandi eins doktorsnema og fjögurra meistaranema. Einn þeirra, Sunna Björk Ragnarsdóttir, lauk námi á árinu og varði meistaraverkefni sitt um fjöruhyggleysingja á Reykjanesi.

Ritaskrá

- Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls. 2018. Sýnatökur, efnagreiningar og kornastærðarmælingar á setsýnum úr Akranestjörn og Hólmatni sumarið 2018. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum, september 2018.
- Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls. 2018. Könnun á örplastmengun í kræklingi við Ísland. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum, desember 2018.



Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls. 2018. Greiningar á falskyni (imposex) og styrk lífræna tinsambanda í nákuðungum (*Nucella lapillus*) við Ísland árið 2018. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum, desember 2018.

Fyrirlestrar og kynningar

Daniel Coaten. Effect of tide simulation on the chemical composition of tank cultivated *Laminaria hyperborea* (stórþari). Erindi á ársfundum þekkingarseturs Suðurnesja, Sandgerði, 18. maí 2018.

Daniel Coaten. Effect of tide simulation on saccharide production in tank cultivated *Laminaria hyperborea*. Erindi á SUREAQUA Annual Meeting, Stavanger, Noregi, 18. október 2018.

Halldór Pálmar Halldórsson. The blue mussel as a bioindicator of pollution in Icelandic waters. Föstudagsfyrirlestur Líffræðistofu, Öskju – Náttúrufræðihús, 19. janúar 2018.

Halldór Pálmar Halldórsson. Gildruveiðar á sjávarhryggleysingjum. Ársfundur Stofnunar rannsóknastrá Háskóla Íslands, Bolungarvík, 11. apríl 2018.

Halldór Pálmar Halldórsson, Hermann Dreki Guls. Biomarker responses in native and transplanted mussels (*Mytilus edulis* L.) in Iceland. Erindi haldið á fundi Alþjóðahaffransóknaráðsins (ICES) um áhrif mengandi efna á lífverur (WGBEC – The Working Group on Bio-


logical Effects of Contaminants). Stareso, Korsíka, 18. mars 2018.
Hermann Dreki Guls, Halldór Pálmar Halldórsson. Microplastics – review and pilot monitoring study. Erindi haldið á fundi Alþjóðahaffransóknaráðsins (ICES) um áhrif mengandi efna á lífverur (WGBEC – The Working Group on Biological Effects of Contaminants). Stareso, Korsíka, 17. mars 2018.

Hermann Dreki Guls. Microplastics in blue mussels (*Mytilus edulis*) from coastal sites in Iceland. Erindi haldið á fundi QUSIMEME – Norman Microplastics Analysis Workshop. Vrije University, Amsterdam, 28. nóvember 2018.

Sunna Björk Ragnarsdóttir, Sölvi Rúnar Vignisson, Gunnar Þór Hallgrímsson, Halldór Pálmar Halldórsson. Seasonal changes in abundance of the indicator species *Capitella capitata*: a two-year study in the intertidal. Erindi haldið á ráðstefnu Vistfræðifélags Íslands, Haffransóknastofnun, 16. mars 2018.

Prófitgerð

Sunna Björk Ragnarsdóttir. 2018. Þéttleikabreytingar algengra fjöruhryggleysingja á Suðvesturlandi. Meistaraprófsritgerð við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. September 2018, 50 bls. <https://skemman.is/handle/1946/31851>





Rannsóknasetur HÍ á Snæfellsnesi

Rannsóknasetur HÍ á Snæfellsnesi tók til starfa árið 2006. Dr. Jón Einar Jónsson vísindamaður er forstöðumaður setursins og var hann eini starfsmaðurinn í fullu starfi allt árið. Árni Ásgeirsson náttúrufræðingur lét af störfum fyrir setrið um haustið. Í hans stað var ráðin dr. Ute Stenkewitz en hún hóf störf 1. nóvember. Ellen Magnúsdóttir líffræðingur starfaði við rannsóknir í maí og júní og Jón Jakobsson, æðarbóndi í Rifgirðingum, og Elisabeth Knudsen, meistaranemi við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, unnu í æðarmerkingum.

Verkefnið Stofnvistfræði æðarfugls er unnið í samstarfi við landeigendur og styrkt af Rannsóknasjóði HÍ. Æðarkollur voru merktar fimmta sumarið í röð; nýmerktar voru 198 æðarkollur, auk þess var 191 æðarkolla endurheimt með merki frá fyrri árum. Nú hafa 879 æðarkollur verið merktar við Stykkishólm frá 2014. Varp tíminn hófst upp úr 20. maí og síðustu kollurnar voru merktar í Landey 27. júní.

Áfram var samstarf við líffræðinga hjá Fróðskaparsetri Færeyja. Á báðum stöðum eru rekin langtíma merkingaverkefni þar sem æðarkollur á hreiðrum eru fangaðar, litmerktar og afdrif þekktra kollna rannsökuð. Færeyingarnir komu í Stykkishólm í maí og merktu kollur í Landey. Jón Einar, Árni og Ellen heimsóttu Færeyjar í júní og tóku þátt í merkingum.

Haldið var áfram merkingum í samstarfi við norska SEATRACK-verkefnið. Settir voru út 25 nýir hnattstöðuritar á æðarkollur og 21 slíkur endurheimtist frá fyrri árum. Alls hafa verið settir út 178 hnattstöðuritar og 107 þeirra endurheimtir 2015-2018. Teymi frá SEATRACK kom í heimsókn og endurheimti 11 af 25 hnattstöðurimum sem settir voru á fýla 2017, í Landey, Stakksey og Brúnkolluhólma.

Gengið var til samstarfs við kanadískt rannsóknarverkefni á fæðuvali æðarfugla, þar sem blóðsýni eru tekin til að greina fæðuval æðarfugla með ísótópagreiningu. Aðrir þátttakendur í verkefninu eru vísindamenn frá Færeyjum, Kanada, Bandaríkjunum, Danmörku, Noregi, Finnlandi og Rússlandi.

Æðarungar voru taldir við Breiðafjörð í 12. sinn. Þetta var næstlakasta árið frá upphafi, en þó svipað og 2013 (0,31 ungar/kollu). Varpárangur ritu í eyjunum við Stykkishólm og vatnafuglar á Snæfellsnesi voru áfram vaktar í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands. Rituhreiður á sunnanverðum Breiðafirði eru rúmlega helmingi færri nú en fyrir 20 árum en fjöldinn hefur þó verið nokkuð stöðugur frá 2006. Rituvöktunin er samstarfsverkefni með Samtökum náttúrustofa.

Þrjú framhaldsnemar unnu að rannsóknum við setrið. Julie Murray frá Bretlandi rannsakaði viðbrögð æðarkollna við dúntekju í fimm æðarvörpum á Vestfjörðum. Hún varði meistaratitillit sína við Háskólasetur Vestfjarða í febrúar. Elisabeth Knudsen frá Færeyjum miðaði vel með meistara-verkefni sitt við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ en hún rannsakar erfðafraeðileg tengsl íslenskra og



færeyskra æðarfugla. Þá vann doktorsneminn Florian Ruland frá Þýskalandi með Náttúrustofu Vesturlands og Rannsóknasetrinu að rannsóknum á áhrifum minks á varp fugla, m.a. æðarfugla.

Í lok apríl hélt Jón Einar erindi um merkingarnar á Breiðafirði á ráðstefnunni Pan-European Duck symposium, þar sem anda-sérfræðingar Evrópu komu saman ásamt nokkrum bandarískum og kanadískum sérfræðingum. Ráðstefnan var haldin í Millport á Kumrey við Clyde-fjörð.

Jón Einar var prófdómari fyrir meistarávörn Elísu Skúladóttur við Líf- og umhverfiseild Háskóla Íslands. Þá veitti hann nokkrar umsagnir sem ritstjóri fagsviðs fyrir tímaritið Wildlife Biology.

Rannsóknasetrið tók þátt í Vísindavöku Rannís í Laugardalshölli inni 28. september og kynnti þar rannsóknir á æðardúni 2014-2018. Þær voru líka viðfangsefni erindis á ársfundi Æðarræktarfélags Íslands.

Ritverk

Carlsen, T.H., Ásgeirsson, Á. & Jónsson, J.E. 2018. Vegetation mapping of islands of Breiðafjörður 2014. Norwegian Institute of Bioeconomy research, rapport vol 4 nr. 21. http://rannsoknasetur.hi.is/sites/rannsoknasetur.hi.is/files/myndir_snaefellsnes/nibio_rapport_2018_4_21.pdf

Árni Ásgeirsson og Jón Einar Jónsson. 2018. Fuglalíf í Landey og nálægum eyjum 2017. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi. 11 bls.

Fyrirlestrar á alþjóðlegri ráðstefnu

Jón Einar Jónsson, Árni Ásgeirsson, Jón Jakobsson & Ellen Magnúsdóttir. 2018. Island movements of common eider females in Breiðafjörður, West Iceland. 5th Pan-European Duck Symposium, 16-20 April, Isle of Great Cumbrae, Scotland.

Fyrirlestrar innanlands

Jón Einar Jónsson, Árni Ásgeirsson, Liliana D'Alba og Thomas Holm Carlsen. 2018. Æðardúnn og æðarrannsóknir. Ársfundur Æðarræktarfélags Íslands, Hótel Sögu, 10. nóvember 2018.

Jón Einar Jónsson. 2018. Common eider in Iceland. Lecture for visiting staff of Nishykawa Sangyo, Japan. Snæfellsnes Research Centre, University of Iceland and Eider Center of Iceland. Stykkishólmur, Iceland, 17 May.

Veggspjöld

Emily Hill, Sveinn Are Hanssen, Björn Munro Jenssen, Tomasz Maciej Ciesielski, Syverin Lierhagen, Jón Einar Jónsson, Thordur Örn Kristjánsson, Thomas Holm Carlsen, Geir Wing Gabrielsen, Børge Moe. 2018. Exposure of the common eider (*Somateria mollissima*) to toxic elements in relation to migration strategy and wintering area. Norwegian Environmental Toxicology Symposium, Svalbard, March 2018.

Námsritgerðir

Julie Murray. Ms Student, University Center of the West Fjords. The effects of eider husbandry on the behaviour and nesting success of the common eider (*Somateria mollissima*) in the Westfjords of Iceland. February 2018.





Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum

Við setrið störfuðu á árinu tveir sérfræðingar í fullu starfi, dr. Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, líffræðingur, sem jafnframt er forstöðumaður setursins, og dr. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur. Anja Katrin Nickel líffræðingur var í fullu starfi sem doktorsnemi og aðstoðarmaður í rannsóknum. Þá unnu fornleifafræðingurinn Svavar Nielsson og líffræðingurinn Theresa Henke við setrið í hlutastörfum. Setrið er til húsa að Hafnargötu 9b í Bolungarvík. Þar hefur verið unnið að því að bæta aðstöðu og tækjabúnað til rannsókna á strandsvæðum, bæði á sviði líffræði og fornleifafræði. Þessi uppbygging hefur þegar gert setrinu kleift að sinna fjölbreyttari rannsóknum, t.d. kortlagningu búsvæða á hafsbotni, umhverfisstýrðum tilraunum á fiskum á rannsóknastofu og skráningu minjastaða á hafsbotni. Við uppbygginguna munaði mest um veglegan styrk frá Innviðasjóði Rannsóknamiðstöðvar Íslands til kaupa á sérhæfðum búnaði til rannsókna á smáum fiskum og sjávarlífverum á strandsvæðum, þ.e. hljóðmerkingabúnaði, fjölgeislamæli og umhverfissírta. Að auki bættist við köfunarbúnaður sem auðveldar köfun við sýnatöku og aðrar neðansjávarrannsóknir.

Rannsóknir ársins einkenndust af nokkurri samfellu þar sem fyrst og fremst var unnið að framhaldi fyrri verkefna. Á sviði fornleifafræði má helst nefna „*Allen die willen naa Island gaan*“ *Hvalveiðar og verslun Hollendinga á 17. og 18. öld* sem hefur m.a. hlotið rannsóknarstyrk úr Rannsóknarsjóði Íslands, Rannís. Verkefnið miðar að því að skilja hlutverk og áhrif hvalveiða og verslunar Hollendinga á íslenskt samfélag á tímum einokunar. Meðal áfanga ársins 2018 var uppgroftur á þremur bæjarstæðum á Vestfjörðum, tveimur í Arnarfirði og einu í Kerlingarfirði. Fornleifarannsóknum á neðansjávarminjum var haldið áfram á árinu en verkefnið snýst um að

fá yfirsýn yfir fjölda skipsflaka við Íslandsstrendur, ástand þeirra og rannsóknarmöguleika. Einnig er markmið verkefnisins að kanna minjar í kringum verslunarstaði, hvalveiðistöðvar o.fl. Meðal áfanga í verkefninu árið 2018 var neðansjávarkönnun á flökum í innsiglingunni að verslunarstaðnum á Skógarnesi á Snæfellsnesi og gömlu skipalegunum við Viðey og Eiðsvík.

Á sviði líffræði var stærsta rannsóknarverkefni ársins vistfræði þorsfiskseiða á uppeldisstöðvum, verkefni sem miðar að því að skilja þá vistfræðilegu þætti sem hafa áhrif á viðkomu og búsvæðanýtingu þorsk- og ufsaseiða. Anja Nickel doktorsnemi vinnur meðal annars að þessari rannsókn. Verkinu miðaði vel áfram með reglubundnum veiðum í Ísafjarðardjúpi og umfangsmeiri veiðum frá Breiðafirði, norður fyrir Vestfirði og að Steingrímsfirði tvisvar að hausti. Þessi seiði eru öll vegin og mæld, magainnihald kannað og sýni tekin til greininga á stöðugum efnasamsætum og til arferðagreininga. Þá var unnið að uppsetningu og prófunum á nýjum tækjum til merkinga á seiðum en með þeim verður leitast við að meta mun á búsvæðanýtingu og hreyfivistfræði þorskseiða af ólíkum fargerðum í náttúrunni. Seiðarannsóknir ársins einkenndust einnig nokkuð af óvenju tíðum ferðum í Breiðafjörð en setrið fékk styrk frá Breiðafjarðarnefnd til rannsóknarinnar *Nýting seiða á ólíkum botngerðum í Breiðafirði*. Vinna við þverfræðilega verkefnið *Söguleg samsetning þorsstofnsins* hélt áfram á árinu en fyrst og fremst var unnið að úrvinnslu gagna og greinaskrifum.

Tveir meistaraneimar luku rannsóknarverkefnum undir leiðsögn Guðbjargar Ástu. Olivia Simmons, sem vann að verkefninu *An assessment of the trophic ecology of escaped farmed rainbow trout (*Oncorhynchus mykiss*) in relation to native salmonids in the West-*



fjords, Iceland, og Theresa Henke, sem vann að verkefni *Ecological impacts of the invasive European Flounder (Platichthys flesus) on native species in Icelandic waters.*

Greinar

- Edvardsson R., Bárðarson H, Patterson WP, Timsic S, Harrison R & Ólafsdóttir GÁ. Change in Atlantic cod migrations and adaptability of early land-based fishers' concomitant to severe climate variation in the North Atlantic. *Quaternary Research*. In press.
- Mačić V, Albano PG, Alpanidou V, Claudet J, Corrales X, Essl F, Evagelopoulos A, Giovos I, Jimenez C, Kark S, Marković O, Mazaris AD, Ólafsdóttir GÁ, Panayotova M, Petović S, Rabitsch W, Ramdani M, Rilov G, Tricarico E, Fernández1 TV, Sini M, Trygonis V & Katsanevakis S. Biological invasions in conservation planning: A global systematic review. *Frontiers in Marine Science*. 5:178
- Hambrecht G, Anderung C, Brewington S, Dugmore A, Edvardsson R, Feeley F, Gibbons K, Harrison R, Hicks M, Ólafsdóttir GÁ, Rockman M, Smiarowski K, Streeter R, Szabo V, McGovern T. Archaeological Sites as Distributed Long-term Observing Networks of the Past (DONOP). *Quaternary International*. doi.org/10.1016/j.quaint.2018.04.016
- Reynisson H & Ólafsdóttir GÁ. Between individual variation in juvenile Atlantic cod swimming velocity and latency to explore across temperature. *Journal of fish biology*. 92 (1), 274-280

Fyrirlestrar og erindi

- Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. The role of behaviour in the expansion of non-indigenous species in low biodiversity marine environments: Iceland as a case study. The first Asian Evo Conference. Shenzhen, China 18.-20. apríl.
- Anja Nickel & Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Trophic interactions of 0-group Atlantic cod and saithe. 2018 Oikos meeting. Trondheim 19.-22. febrúar.
- Theresa Henke & Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Ecological impact of the invasive European flounder (*Platichthys flesus*) and European plaice (*Pleuronectes platessa*) on nursery grounds in Iceland. 2018 Oikos meeting. Trondheim 19.-22. febrúar.

- Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Þorskur í þúsund ár. Aðalfundur hins íslenska náttúrufræðifélags. Reykjavík. 26. febrúar.
- Theresa Henke & Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Ecological impact of the invasive European flounder (*Platichthys flesus*) on European plaice (*Pleuronectes platessa*) on nursery grounds in Iceland. Ráðstefna Vistfræðifélagsins. Reykjavík 16. mars.
- Anja Nickel & Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Trophic interactions of 0-group Atlantic cod and saithe. The effects of size and species on feeding patterns. Ráðstefna Vistfræðifélagsins. Reykjavík 16. mars.
- Olivia Simmons & Guðbjörg Ólafsdóttir. An assessment of the trophic ecology of escaped farmed rainbow trout (*Oncorhynchus mykiss*) in relation to native salmonids in the Westfjords, Iceland. Ráðstefna Vistfræðifélagsins. Reykjavík 16. mars.
- Anja Nickel & Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Trophic interactions of 0-group Atlantic cod and saithe. 2018 ESSAS annual meeting. Fairbanks Alaska 12.-14. júní.
- Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Ragnar Edvardsson & William Patterson. The stable isotope niche of five North Atlantic fish species in the pristine marine ecosystem. Oceans Past VII Conference. Bremerhaven Þýskaland 22.-26. október.
- Ragnar Edvardsson. Change in Atlantic cod migrations and adaptability of early land-based fishers' concomitant to severe climate variation in the North Atlantic. Oceans Past VII Conference. Bremerhaven Þýskaland 22.-26. október.
- Ragnar Edvardsson. Strandminjar og minjar á grunnsævi. Erindi flutt 6 október á Gestastofu Snæfellsjökulsþjóðgarðs á Malarrifi.
- Ragnar Edvardsson. Neðansjárvarfornlifafræði á Íslandi. Erindi flutt í nóvember á aðalfundi Rótaryklúbbs Ísafjarðar.

Ritgerðir

- Theresa Henke. Ecological impact of the invasive European flounder (*Platichthys flesus*) on the native European plaice (*Pleuronectes platessa*) on nursery grounds in Iceland. MS ritgerð Háskólinn á Akureyri.
- Olivia Simmons. An assessment of the trophic ecology of escaped farmed rainbow trout (*Oncorhynchus mykiss*) in relation to native salmonids in the Westfjords, Iceland. MS ritgerð Háskólinn á Akureyri.





Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum var stofnað haustið 2016 og eru rannsóknir í þjóðfræði í öndvegi hjá setrinu. Sérstök áhersla er lögð á miðlun og hagnýtingu þjóðfræðilegrar þekkingar. Setrið er til húsa í Þróunarsetrinu á Hólmavík. Jón Jónsson þjóðfræðingur starfar sem verkefnastjóri hjá setrinu og var hann eini starfsmaðurinn í fullu starfi allt árið. Rannsóknasetrið getur boðið upp á skrifstofuaðstöðu fyrir náms- og fræðimenn sem vilja dvelja tímabundið á Hólmavík við nám og störf. Síðasta ár nýtti Dagrún Ósk Jónsdóttir, doktorsnemi í þjóðfræði, sér aðstöðuna auk þess sem tveir sumarstarfsmenn unnu verkefni við setrið með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Á árinu kom út bók eftir Jón um förufolk fyrri alda á Íslandi. Hún ber titilinn *Á mörkum mennskunnar – viðhorf til förufolks í sögnum og samfélagi* og er gefin út í ritróðinni *Sýnisbók Íslenskrar alþýðumenningar*. Bókinni var fylgt eftir með fyrirlestur, bókarkynningum og upplestri.


Af stærri rannsóknarverkefnum ársins 2018 er helst að nefna verkefni með yfirskriftina *Samspil ímynda, sjálfsmýnda, fjölmiðlaumfjöllunar og*

markaðssetningar í ferðaþjónustu sem er styrkt af Bygginga- og ferðaþjónustuneyti sem er styrkt af Bygginga- og ferðaþjónustuneyti sjóði. Vinna að þessu verkefni hefur staðið frá 2017 og stefnt er að verklokum 2019.

Verkefnið *Strandir 1918* fékk einnig talsverða athygli, samvinnuverkefni með fræðimönnum, félögum og menningarstofnunum á Ströndum. Afraksturinn varð m.a. þrjú málþing um efnið og sögu-sýning með sama titli sem sett var upp á Sauðfjarsetri á Ströndum. Þá var unnið með dagbækur Strandamanna frá þessum tíma sem mun einnig nýtast við annað verkefni setursins.

Hólmavík – íbúabyggð og ferðamannastaður er verkefni þar sem rannsókn og hugmyndavinna er unnin í samvinnu við sveitarfélagið Strandabyggð, Vestfjarðastofu og Sóknaráætlun Vestfjarða. Tveir starfsmenn unnu við verkefnið sumarið 2018 með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna, Agnes Jónsdóttir þjóðfræðinemi og Guðrún Gígja Jónsdóttir, MA-nemi í hagnýtri menningarmiðlun.

Nokkur smærri verkefni eru einnig í gangi. Rannsóknasetrið og Grunnskólinn á Hólmavík taka þátt í norrænu samstarfsverkefni sem heitir *Sögur að*



norðan með fræðimönnum hjá ReykjavíkurAkademíunni. *Strandir í verki* er samstarfsverkefni með Leikfélagi Hólmavíkur og fleiri sem snýst um að bjóða ungu fólki á svæðinu vinnu við skapandi störf tengd listum og fræðum að sumarlagi. Í samvinnu við söfn á svæðinu er unnið að verkefninu *Menningararfur í myndum* sem snýst um gamlar ljósmyndir, varðveislu, miðlun, söfnun og skráningu. Loks má nefna að setrið var samstarfsaðili við nýsköpunar- og sýningarverkefnið *Skessur sem éta karla!* sem Dagrún Ósk Jónsdóttir þjóðfræðingur stóð fyrir.

Undir lok ársins barst jákvætt svar við umsókn setursins um styrk í tengslum við Byggðaaáætlun 2018-2024 og var úthlutað til setursins 18 milljónum króna á árunum 2018-20 til að koma á laggirnar fjarvinnlustöð á sviði þjóðfræði á Hólmavík. Verkefnið verður unnið í samstarfi við þjóðmenningarstofnanir á landsvísu um skráningu á menningararfi á rafrænt form og fyrirhugað er að ráða starfsmann til þessa verks.

Áhersla hefur verið lögð á að þróa gott samstarf milli setursins og námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði við Háskóla Íslands. Á vormisseri kenndi Jón Jónsson *Hagnýta þjóðfræði*, 10 eininga námskeið á MA-stigi, í vinnulotum syðra og á Hólmavík í verkefnaviku.

Þá hefur Jón flutt fyrirlestra við ýmis tækifæri og rannsóknasetrið staðið fyrir viðburðum á Ströndum, m.a. málþingi um þjóðfræði heimilisins, öðru um þjóðtrú og þremur tengdum Ströndum 1918. Eins stóð setrið fyrir Húmorsþingi vorið 2018 í samvinnu við námsbraut í þjóðfræði og safnafræði við HÍ.

Bækur & skýrslur

Jón Jónsson. (2018). *Á mörkum mennskunnar. Viðhorf til förufélks í sögnum og samfélagi*. Í ritröðinni *Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar* 23. Ritstj. Davíð Ólafsson, Már Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon. Útg. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Skýrslur og greinar

Agnes Jónsdóttir, Guðrún Gígja Jónsdóttir, Jón Jónsson. (2018). *Hólmavík - ferðamannastaður og íbúabyggð*. Skýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Útg. Rannsóknasetur HÍ á Ströndum - þjóðfræðistofa, Hólmavík.

Dagrún Ósk Jónsdóttir. (2018). Að nýta svæði og mannaúð: Náttúrubarnaskólinn á Ströndum. *Strandapósturinn* 50. árg, s. 155-160.

Jón Jónsson. (2018). Rótað í framtíðinni. *Safnablaðið Kvistur* 5. tbl. 2018-2019, s. 28-31.

Fyrirlestrar

Jón Jónsson: *Bókmenntir og menningarlíf á Ströndum 1918*. Fyrirlestur á sögustund um Strandir 1918, á Sauðfjársetrinu í Sævangi, 11. nóv. 2018.

Jón Jónsson: *Stórviðburðir á landsvísu: Kötlugosið og Spanska veikin*. Fyrirlestur á kvöldvökunni Náttúra og veðurfar á Ströndum 1918, í Sævangi á Ströndum, 30. sept. 2018.

Jón Jónsson: *Ýluskarð og Skæluklöpp: Útburðir í íslenski þjóðtrú*. Fyrirlestur á þjóðtrúarkvöldvöku: Á mörkum lífs og dauða, í Sævangi á Ströndum, 8. sept. 2018.

Jón Jónsson: *Að virkja hugvit, sögur og sagnir*. Fyrirlestur á málþinginu Landnámsbær fundinn á Selströnd. Málþing um minjar og menningar Stranda, í Söngsteini í Hveravík, 18. ágúst 2018.

Jón Jónsson: *Álagablettir, þjóðtrú og saga*. Fyrirlestur á Vestfirka fornminjadeginum, Suðureyri við Súgandafjörð 9. ágúst 2018.

Jón Jónsson: *Skemmtikraftar eða aðhlátursefni. Framkoma við förufélk í gamla sveitasamfélaginu*. Fyrirlestur á Húmorsþingi á Hólmavík, 14. apríl 2018.

Jón Jónsson: *Sjávarþorp sem íbúabyggð og áfangastaður í ferðaþjónustu*. Erindi á Ársfundum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands í Bolungarvík, 11. apr. 2018.

Jón Jónsson: *Skaðræðisgripir og illfygli - sögur af förufélki*. Fyrirlestur á Hugvísindapingi 2018 í málstofunni Vont fólk og ljótt - jaðarinn í íslensku samfélagi fortíðar, 10. mars 2018.



Rannsóknasetur HÍ á Norðurlandi vestra

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra er til húsa í gamla Kaupfélagshúsinu á Skagaströnd. Setrið var formlega opnað vorið 2010 en starfsemin hófst síðla árs 2009. Rannsóknir á sviði sagnfræði eru meginviðfangsefni setursins. Dr. Vilhelm Vilhelmsson tók við starfi forstöðumanns í febrúar 2018. Vilhelm lauk doktorsprófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 2015 og hefur auk fræðistarfa sinnt stundakennslu við Sagnfræði- og heimspekideild HÍ.

Vilhelm er eini starfsmaður setursins en í árslok hlaut setrið styrk úr sjóði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sem tengist stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024 og ætlaður er til þess að setja á fót og starfrækja fjarvinnslustöðvar. Verkefni setursins felst í gerð gagnagrunns sáttanefndabóka: ráðinn verður starfsmaður til að mynda allar varðveittar bækur sáttanefnda á tímabilinu 1798–1936 og gera aðgengilegar á stafrænu formi. Í bókum sáttanefnda er að finna margvíslegar upplýsingar um líf og hagi alþýðufólks á Íslandi á 19. öld. Bækurnar veita því merkilega innsýn í íslenska alþýðumenningu fyrr á tíð og er þess vænst að gagnagrunnurinn nýtist fræðimönnum í margvíslegar rannsóknir.

Á árinu hélt Vilhelm áfram vinnu við rannsóknarverkefnið *Grænlandsdvöl Rannveigar H. Lindal 1921–1923*, sem unnið er í samstarfi við Byggyðisafn Húnavatnanna og Strandamanna og Héraðsskjalasafn V-Húnavatnssýslu. Rannveig dvaldi í Qaqortoq (Julianehåb) á árunum 1921–1923 og kenndi ullar- og tóvinnu í tengslum við áform um að koma á fót sauðfjárrækt á Grænlandi. Fyrirhugað er að bók með efni úr dagbókum og sendibréfum Rannveigar komi út undir merkjum ritraðarinnar *Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar* hjá Háskólaútgáfunni. Rannsóknin beinist einnig að störfum Rannveigar á Grænlandi og þeim hugmyndum um stjórnmal, þjóðerni, kynþætti, kyngervi og fleira sem birtast í skrifum hennar.

Vilhelm ritaði bókarkafna um þátttöku íslenskra innflytjenda í Kanada í verkalyðshreyfingunni í Winnipeg á síðasta áratug 19. aldar. Þá ritaði hann grein um hugmyndir og heimssýn Jóns Ólafssonar ritstjóra líkt og þær birtust í greinaskrifum hans í *Skirni* um aldamótin 1900. Einnig tók Vilhelm þátt í tveimur alþjóðlegum ráðstefnum auk þess að halda sex fyrirlestra á innlendum vettvangi.

Bókasafn Halldórs Bjarnasonar er til húsa í rannsóknasetrinu en þar er boðið upp á vinnuáðstöðu sem meðal annars er nýtt í samvinnu við ljósmyndasafn sveitarfélagsins og listamiðstöðina Nes. Á árinu 2018 var undirritaður formlegur samstarfssamningur Háskóla Íslands við sveitarfélagið Skagaströnd en markmið hans er að festa starfsemi Rannsóknaseturs HÍ á Norðurlandi vestra í sessi og efla þekkingar- og rannsóknastarf í sveitarfélaginu Skagaströnd og á svæðinu. Í tengslum við Vísindavöku Rannís í september var haldið Vísindakaffi þar sem starfsemi setursins var kynnt og gestum boðið að skoða húsakynnin, njóta veitinga og spyrja forstöðumann setursins um starfsemina.

Vilhelm er ritstjóri *Sögu, tímarits Sögufélags*, og komu út tvö hefti á árinu. Hann var tilnefndur til viðurkenningar Hagþenkis, félags höf-



unda fræðirita og kennslugagna, og til menningarverðlauna DV í flokki fræðirita fyrir bókina *Sjálfstætt fólk. Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld*, sem kom út síðla árs 2017. Þá hefur Vilhelm verið þátttakandi í alþjóðlegu tengslaneti sem kallast European Labour History Network (ELHN) Working Group on Free and Unfree Labour. Á árinu tók hann sæti í tveimur doktorsnefndum hjá doktorsnemum í sagnfræði við Háskóla Íslands.

Ritaskrá

- Vilhelm Vilhelmsson (2018). *Borðeyri – verndarsvæði í byggð. Tillaga og greinargerð unnin fyrir Húnaþing vestra*. Birt á vef sveitarfélagsins 28. mars 2018 og send til ráðherra til staðfestingar 25. maí 2018. 95 bls. Aðgengileg á vefnum á slóðinni: <https://www.hunathing.is/static/files/Skipulag/Verndarsv-borðeyri-verndarsvaedi-i-byggd.pdf>
- Vilhelm Vilhelmsson (2018). „Jón Ólafsson ritstjóri og tilvistarkreppa frjálslyndisstefunnar um aldamótin 1900“. *Skirni* 192 (haust), bls. 449–472.
- Vilhelm Vilhelmsson (2018). „Þjóðerni, hagsmunir og hugsjónir í verkalyðshreyfingu Íslendinga í Winnipeg 1890–1900“. *Sigurtunga: Vestur-Íslenskt mál og menning*. Ritstj. Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2018, bls. 87–103.

Fyrirlestrar og erindi

- Vilhelm Vilhelmsson (2018). „Brothætt frá upphafi. Byggyðisaga Borðeyrar við Hnútafjörð“. Fyrirlestur í hádegisfyrirlestraróð Sagnfræðingafélags Íslands í Þjóðminjasafni Íslands, 6. febrúar 2018. Birtur á vefnum á slóðinni: <http://www.sagnfraedinga-felag.net/2018/02/15/16.19.33/>
- Vilhelm Vilhelmsson (2018). „Verndarsvæði í byggð á Borðeyri. Tillaga að verndarsvæði og sögulegt yfirlit“. Fyrirlestur á íbúafundi um verkefnið um verndarsvæði í byggð, haldinn í Tangahúsi á Borðeyri, 28. febrúar 2018.
- Vilhelm Vilhelmsson (2018). „Afdalíf. Átök og deilur í húnvetnskri sveit á öndverðri 19. öld“. Fyrirlestur á Hugvísindapingi, 10. mars 2018.
- Vilhelm Vilhelmsson (2018). „The survival tactics of vagrants and daylabourers in 19th century rural Iceland“. Twelfth European Social Science History Conference, Queen's University in Belfast, N-Ireland 4.–7. apríl 2018.
- Vilhelm Vilhelmsson (2018). „Icelanders and the labour movement in Winnipeg, ca. 1890–1900“. Nordic Association of Canadian Studies Conference – NACS-XII 2018, Háskólanum á Akureyri, 8.–11. ágúst 2018.
- Vilhelm Vilhelmsson (2018). „Söguganga á Borðeyri“. 20 ára afmælishátíð Húnaþings vestra, 26. ágúst 2018.
- Vilhelm Vilhelmsson (2018). „Þjónusta skjalasafna við fræðimenn“. Ársfundur Félags héraðsskjalavarða, Sauðárkróki 5. október 2018.
- Vilhelm Vilhelmsson (2018). „Fyrirlestur um vistarband og fleira“. Erindi haldið í Holti – Menningarsetri á Hvammstanga, 21. október 2018.






STOFNUN RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS



Markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands er m.a. að stuðla að rannsóknum, menntun og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélög setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin af mörkum við að

efla tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Viðfangs- efni rannsóknasetranna eru afar fjölbreytt en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, hreindýr, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði, fornleifafræði og þjóðfræði.

9 RANNSÓKNARSETUR VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ





HÁSKÓLI ÍSLANDS
STOFNUN RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS

www.rannsoknasetur.hi.is

